

Fundargerð landsfundar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra (Ish.) haldinn þann 29. apríl 2023 á Grand hótél

1. Setning landsfundar

Margrét Lilja Arnheiðardóttir formaður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra setti fundinn kl 9:52. Hún upplýsti að því miður væri stjórn ekki með gögn til að geta haldið fundinn og neyddist því til að fresta fundinum. Opnað var fyrir umræður og spurningum svarað úr sal. Rætt um að stjórn sé ekki með aðgang að öllum gögnum sem framkvæmdastjórnin fyrirverandi væri með aðgang að. Því hefði verið treyst að ákveðnir hlutir hefðu verið gerðir. Í ljós kom að svo var ekki og gögn því ekki til staðar þegar farið var yfir fundargögn um morguninn. Umræðustjóri ræddi að stjórn vildi skila sinni vinnu með stolti sem yrði afhent nýrri stjórn í haust. Taldi að það væri auðveldara að fresta fundi núna og ný stjórn taki þá við hreinu borði í haust. Spurt var um af hverju það væri ekki hægt að fresta fundinum fram í maí, af hverju þurfi að fresta fram á haust. Stjórn svaraði að þetta væri ekki svo einfalt, stjórnin hafi fengið þetta mál í andlitið korter í landsfund og það þyrfti tíma til að leysa úr þessu og þau séu með lögfræðing í málinu. Tillaga frá stjórn um frestun landsfundar 2023 fram á haust var borin upp til atkvæða. Gengið var til atkvæða. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Margrét frestaði landsfundi fram á haust.

Fundi frestað kl. 10:15.

Fundargerð framhaldslandsfundar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra (Ish) árið 2023.

Haldinn rafrænt á laugardaginn 23. september 2023 kl. 10:00.

1. Setning landsfundar kl. 10:15.

Setningu seinkaði lítillega vegna tæknimála.

1. Ávarp formanns.

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir formaður landssambandsins bauð fundargesti velkomna og þakkaði veittan stuðning í starfi.

2. Skipan fundarstjóra og fundarritara.

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir tók að sér fundarstjórn og Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir tók að sér fundarritun og það var samþykkt samhljóða.

3. Kjörbréf kynnt.

Farið var yfir kjörbréf og mætingu á fundinn.

Mættir fulltrúar voru:

Akureyri – Herdís Ingvadóttir (HI), Ívar Herbertsson (ÍH), Linda Egilsdóttir (LE), Rúnar Þór Björnsson (RÞB) og Elmar Logi Heiðarsson (ELH):

Bolungarvík – Kristján Karl Júlíusson (KKJ), Magnús Ingi Jónsson (MIJ) og Ólafía Ósk Runólfsson (ÓÓR).

Fjallabyggð – Sigurrós Sveinsdóttir (SS) og Hafdís Eyland Gísladóttir (HEG).

Húsavík – María Óskarsdóttir (MÓ).

Miðasturland –

Höfuðborgarsvæðið – Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir (MLA), Rúna Baldvinsdóttir (RB), Grétar Pétur Geirsson (GPG), Ásta Þórdís Skjalddal, Guðjónsdóttir (ÁPSG) Brandur Bryndísarson Karlson (BBK), og Logi Þróstur Linnet. (LÞL).

Suðurnes – Margrét Sigríður Jónsdóttir (MSJ) og Guðný Pálína Adolfsdóttir (GPA).

Áheyrnarfulltrúi: Svanur Ingvarsson (SI).

4. Fundargerð síðasta landsfundar lögð fram til samþykktar.

Einróma samþykkt með áorðnum breytingum.

5. Dagskrá lögð fram til samþykktar.

MÓ minnti á að á rafrænum fundi sé betra að nota tæknimöguleika til kosninga en að

horfa á handauppréttingar í mynd og það var samþykkt að nota handauppréttingu Teams. Farið var yfir dagskrá og hún var samþykkt.

2. Inntaka nýrra aðildarfélaga.

Engar umsóknir lágu fyrir.

3. Skýrslur og ársreikningar.

1. Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd – gögn lögð fram og fjallað um stuttlega.

MLA sagði frá breytingum á skrifstofu, nýju starfsfólki, helstu verkefnum og áskorunum. Í skýrslu stjórnar blaðsíðu 8 liður 2.2 kemur fram nafnið Berglind Ósk Runólfssdóttir en á að vera Berglind Sigurðardóttir; uppfært af Sævari Guðjónssyni 25.09.2023.]

Endurskoðaður ársreikningur Sjálfsbjargar fyrir síðasta ár kynntur, ræddur og afgreiddur.

GPG minntist á afskriftirnar, að þær séu helsti munurinn á milli ára en annars sé þetta nokkuð góður ársreikningur. KKJ taldi að það sé bara eitt þarna sem sé hægt að gera athugasemdir við og það sé að eigið fé fari úr 20 milljónum í mínus 3 milljónir.

2. Skýrslur aðildarfélaga.

Eru á vefnum og hægt að lesa þar en við nánari skoðun kom í ljós að skýrslur vantaði frá tveimur aðildarfélögum. MLA ætlaði að bæta úr því.

4. Ársskýrsla Sjálfsbjargarheimilisins (SBH) fyrir árið 2022 lögð fram til kynningar.

Almennri ánægju lýst yfir vegna framfara SBH eða Kjarks endurhæfingar eins og heimilið hét frá júní 2023.

5. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár kynnt, rædd og afgreidd.

MLA kynnti hvernig málin standa og að ekki hafi verið til staðar fjárhagsáætlanir en að með nýkomnum breytingum sé allt á réttri leið.

MLA var beðin um að segja frá rekstri skrifstofu og mannabreytingum og sagði hún frá því að fjárhagsstaða félagsins hafi verið verri en stjórn var kunnugt um og hafði orðið mikill viðsnúningur á því með nýjum starfsmönnum.

GPG óskaði eftir nánari upplýsingum um fjármálin og MLA lýsti því hvernig þetta var tekið föstum tökum, engu eytt umfram það nauðsynlegasta og launakostnaði náð niður.

Þau mál séu í góðum farvegi og bjart framundan.

6. Ákvörðun um árgjald.

Ekki var talin ástæða til að breyta árgjaldi að svo stöddu. Það er 250,00 krónur á félagsmann.

7. Ályktanir, stefnumál og baráttumál kynnt, rædd og afgreidd.

MLA sagði frá umræðu frá formannafundi um skort á aðgengilegum langferðabílum á landsvísu,

MÓ bætti við þá umræðu að ekki sé skjól fyrir fatlaða að bíða á biðstöðvum og nefndi þar

sérstaklega Akureyri, úr þessu þurfi að bæta. MLA sagði frá könnun Öryrkjabandalags Íslands

(ÖBÍ) um biðstöðvar en þar kemur fram að þetta sé víða vandamál og ábyrgðin sé oft

sveitarfélaganna ekki síður en Vegagerðarinnar. MLA lagði fram tillögu um að aðildarfélögin skoði

þetta hvert í sinni heimabyggð og þeim upplýsingum yrði síðan komið til formanns

landssambandsins til að vinna með.

KKJ benti á að álykta ætti um bílastæða og aðstöðumál þar sem oft séu bílastæði fatlaðra ekki nógu aðgengileg.

Samþykkt að MLA legði fram skriflega ályktun um málið til að senda frá landssambandinu.

(Ályktun þarf að bera fram fjórum vikum fyrir landsfund samkvæmt 15. grein laga landssambandsins.)

Spurt var um lóðamálin og málaferli við Brynju leigufélag ses og upplýst var að málaferlum væri lokið og að í framhaldinu yrði farið í samvinnu við ÖBÍ og Brynju um allar ráðstafanir og

framkvæmdir á lóðinni Hátún 12.

8. Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar.

Lögð var fram tillaga um að lagabreytingum yrði frestað fram til næsta landsfundari – samþykkt samhljóða.

9. Kosningar.

Kosningar í stjórn.

Kosið um varaformann – í framboði Rúnar Þór Björnsson. Hann var sjálfkjörinn til landsfundar 2025.

Kosið um ritara – í framboði Frímann Sigurnýasson. Hann var sjálfkjörinn til landsfundar 2025.

Kosið um varamann í stjórn – í framboði Hanna Margrét Kristleifsdóttir. Hún var sjálfkjörin til landsfundar 2025.

Kosningar í nefndir.

Laganefnd.

Kosið um Lindu Sólrúnu Jóhannsdóttir, Margréti S. Jónsdóttir, Björk Sigurðardóttir, Ólafíu Ósk Runólfsdóttir og Maríu Óskarsdóttir og þær voru sjálfkjörnar. Ekki kosið um embætti Ólafíu Óskar Runólfsdóttir. (Kjósa átti um tvö embætti til landsfundar 2024 og tvö embætti til landsfundar 2025.)

Kjörnefnd.

Ekki kosið um Ágúst Guðjónsson og Maríu Óskarsdóttir. Björk Sigurðardóttir var sjálfkjörin til landsfundar 2025. (Kjósa átti um tvö sæti til viðbótar til landsfundar 2025.)

Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

MLA lagði fram tillögu um að fjölga úr 3 í 5 í stjórn Hjálparliðasjóðs Sjálfsbjargar sem samþykkt var samhljóða og að stjórn landssambandsins yrði falið að finna 2 til viðbótar þar sem að einungis var 1 í framboði en fram komu framboð á fundinum sem voru samþykkt.

Kosið um Maríu Óskarsdóttur og hún var sjálfkjörin til landsfundar 2025.

Linda Egilsdóttir frá Akureyri gaf kost á sér á fundinum og var kosin til landsfundar 2024.

Margrét S Jónsdóttir gaf einnig kost á sér á fundinum. Samþykkt samhljóða.

(Í fjórðu grein reglna um Hjálparliðasjóð Sjálfsbjargar kemur fram að í stjórn sjóðsins séu þrír og tveir kosnir annað árið og einn hitt árið.)

Stjórn Kjarks endurhæfingar.

Kosið var um aðalfulltrúa – í framboði Margrét S Jónsdóttir. Hún var sjálfkjörin til landsfundar 2025.

Kosið var um varafulltrúa – í framboði Pála Bergsveinsdóttir. Hún var sjálfkjörin til landsfundar 2024.

Kjörnefnd

MLA lagði fram tillögu um að fjölga í kjörnefnd úr 3 í 5 – borið undir atkvæði og var samþykkt samhljóða.

(Í áttundu grein a liðar laga landssambandsins kemur fram að kjósa skuli fimm í kjörnefnd og í þrettánda grein d liðar laga landssambandsins kemur fram að kjósa skuli í kjörnefnd tvo annað árið en þrjá hitt árið.)

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar. UPPLÝSINGAR VANTAR.

Það vantar framboð í eitt embætti aðalmanns og tveggja varamanna til landsfundar 2024.

10. Önnur mál.

- BBK bað um orðið, hann sagði frá stofnun og sögu Frumbjargar – Frumkvöðlamiðstöðvar Sjálfsbjargar og heilunarferli sínu með erlendum græðara og bar upp þá tillögu að nýta rými á vegum landssambandsins til heilunarstarfsemi, sem tilraunaverkefni til 6 mánaða. Ekki hefur verið fundað með Kjarki endurhæfing um hugsanlegt samstarf vegna þessa en búið er að kynna verkefnið fyrir Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu og áforma frekari kynningar.

MLA lagði til að lögð yrði fram formleg áætlun í framhaldinu og að stjórn verði falið að skoða málið en HI lagði til að vísa málinu til nýrrar stjórnar og það var samþykkt.

Fram kom að húsnæðið (fjórða og fimmta hæð í b-álmu í Hátúni 12) þurfi viðhald og skoða

þurfi allar hliðar málsins um hversu raunhæft er að fara út í þetta verkefni, samþykkt að ný stjórn skoði og meti stöðuna.

- ELH bað um orðið, hann benti á að hjálpartæki vegna frístunda séu ekki niðurgreidd, ákveðið var að Sjálfsbjörg legði fram nýja ályktun til að knýja á um mikilvægi þessa máls. MÓ bað um orðið og benti á að upphæðir bifreiðarstyrkja fylgi ekki verðlagi og þar sem bílar eru klárlega nauðsynleg hjálpartæki fyrir marga þá mætti taka þetta fyrir í sömu ályktun.

11. Slit landsfundar.

Formaður þakkaði fráfarandi stjórnar- og nefndarmönnum samstarfið og bauð nýja velkomna til starfa.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið klukkan 12:10.

Fundargerð yfirfarin af Sævari Guðjónssyni og Þuríði Hörpu Sigurðardóttur 22. nóv. 2024.